

**Starfsreglur fyrir Samfélagssjóð KKP**  
(sett með vísan í 6. gr., 5. málsg. í skipulagsskrá)

Í skipulagsskrá fyrir Samfélagssjóð KKP er að finna meginreglur um starfshætti stjórnar sjóðsins en þar sem bein fyrirmæli eru ekki um annað setur stjórn sjóðsins sér þessar starfsreglur.

**1. gr.**

Þrátt fyrir þá tilhögun í skipulagsskrá að stjórnin sé skipuð þremur aðalmönnum og tveimur varamönnum skal sú megin regla gilda að aðal- og varamenn í stjórn sjóðsins skuli boðaðir til allra stjórnarfunda. Varamenn hafa þó ekki atkvæðisrétt komi til þess að beita þurfi honum, nema þá þeir sitji viðkomandi fund sem aðalmenn í forföllum annars aðalmanns.

**2. gr.**

Varamenn taka sæti sem aðalmenn á stjórnarfundum þannig: Sé aðalmaður forfallaður tekur mættur varamaður sæti hans á fundinum eftir hlutkesti.

**4. gr.**

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er breytt þessum starfsreglum og skal það þá gert á stjórnarfundi og breyting/ar færð/ar í fundargerðarbók sjóðsins.

*Þannig samþykktar á 2. stjórnarfundi  
Samfélagssjóðs KKP þann 17. febrúar 2018*